

RE: Ljósleiðari til Krýsuvíkur

Til : Bjarki Jóhannesson
Frá : jbj@simnet.is
Heiti : RE: Ljósleiðari til Krýsuvíkur
Málsnúmer : 1306050
Málsaðili : Emerald Atlantis ehf.
Skráð dags : 03.06.2013 11:18:01
Höfundur : jbj@simnet.is

Viðhengi Drög að bréfi til Hafnarfjarðar.docx [Drög að bréfi til Hafnarfjarðar.docx](#)

Sæll Bjarki

Hugmyndin er sú að leggja streng í skurð HS Orku/Veitna frá Hafnarfirði að Krýsuvíkurskóla og áfram suður og vestur að hraunjaðri og síðan á vegsvæði áfram til vesturs til Grindavíkur, Reykjanesbæjar, þaðan til Hafnarfjarðar. Með þessu fáum við hringtengingu milli allra staða. Einnig er fyrirhugað að leggja streng þvert yfir Reykjanesið um Svartsengi.

Með þessu fylgja drög að bréfi sem við munum senda ykkur á síðari stigum.

Kveðja

Jón Birgir

From: Bjarki Jóhannesson [<mailto:bjarki@hafnarfjordur.is>]

Sent: 3. júní 2013 09:16

To: 'Jón Birgir Jónsson'

Subject: RE: Ljósleiðari til Krýsuvíkur

Sæll Jón Birgir

Skil ég þetta þannig að þið ætlið að leggja ljósleiðarann meðfram ströndinni til Grindavíkur og Reykjanesbæjar og síðan þaðan meðfram Reykjanesbraut til Hafnarfjarðar - eða leggja annan streng beint frá Krýsuvík í skurð HS veitna til Vatnsskarðanámu og áfram inn í Hafnarfjörð?

Kveðja,

Dr. Bjarki Jóhannesson
Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnarfjarðar

From: Jón Birgir Jónsson [<mailto:jbj@simnet.is>]

Sent: 2. júní 2013 09:57

To: Bjarki Jóhannesson

Subject: Ljósleiðari til Krýsuvíkur

Sæll Bjarki

Emerald Atlantis ehf, Kringlunni 7, Reykjavík hefur á undanförunum árum, í samvinnu við móðurfélag sitt í Írlandi, unnið að undirbúningi að lagningu fjarskiptastrengs á milli Norður Ameríku, New York, og Evrópu, um Írland til London með legg upp til Íslands sem kemur í land vestan Grindavíkur.

Samhliða þessu hefur EA unnið að undirbúningi að lagningu ljósleiðara frá Hafnarfirði um Krýsuvík til Grindavíkur og áfram vestur um Reykjanes til Reykjanesbæjar og þaðan aftur til Hafnarfjarðar. Með þessum streng er stefnt að því að þjóna sem best væntanlegum viðskiptavinum fyrirtækisins t.d. fjarskiptafyrirtækjum, gagnaveri í Hafnarfirði, gagnaveri í Ásbrú í Reykjanesbæ o.fl.

Ljósleiðarastrengurinn verður lagður í sama skurð og rafstreng sem er verið að leggja að efnisnánum í

Vatnssakrðshólum og fyrirhuguðum rafstreng til Krýsuvíkur.

Emerald Atlantis ehf óskar eftir viðræðum um hvort Hafnarfjörður hefur áhuga á að tengja Krýsuvíkurskóla og ef til vill fleiri staði á þessari leið við ljósleiðarakerfi.

Emerald Atlantis ehf mun einnig í framhaldi af þessum viðræðum óska eftir framkvæmdaleyfi á kaflanum frá Krýsuvíkurskóla að landamerkjum Grindavíkur.

Jón Birgir Jónsson

GSM 892 7788

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)